HUNDRAÐ FJALLA SMALAR

Texti og litmyndir Árni Johnsen
Sv/hv myndir: Ragnar Axelsson

Þórður skáld í Köldukinn reið hesti sínum um eggjar á afrétti. Tær fegurð landsins skein úr auga fjallmannsins í hópi Land- og Holtamanna. Leitir voru hafnar af liðlega tuttugu manna einvala liði kvenna og karla sem létu sér ekki neitt fyrir brjósti brenna í smölun fjárstofns heimamanna á heiðum. Þórður kvað við raust svo helstu hagyrðingar Íslandssögunnar hefðu mátt vera vel sæmdir af. Það var stemmning á hálendinu,

Í SJÖ DAGA LEITUM Á LANDMANNAAFRÉTTI

hófadynur, hó smala, náttúrukliður og rífandi vinarþel í hópi leitarmanna, andi víðáttunnar í kring um verkefnið. Í bölum og slökkum, hlíðum og giljum dólaði sauðkindin sér eins og skrautblóm í haga, en nú var komið haust af sumri og fjallmenn voru komnir á skrið, gangandi, hlaupandi, ríðandi. Að hefðbundnum sið voru ætlaðir sjö dagar til þess að smala afréttinn í fyrstu leit. Fjallkóngur Landmanna, Kristinn Guðnason í Skarði, fór geyst á fáki sínum og fjallkóngur Holtamanna, Pálmi Sigfússon á Læk, steig ekki síður fast á bensíngjöfina á brattlendiskerru sinni. Hægt og sígandi rann féð af fjalli eins og ótal lækjarsytrur í einn farveg.



FRAKKUR Í FIRRINGUNNI

Stefán Jón Hafstein er „maðurinn með svarta hattinn“ á öldum ljósvakans

16

EINKALÍF PÓLITÍKUSA

FJÖLMIÐLAR 20

SUNNUDAGUR

SUNNUDAGUR 1. OKTÓBER 1989

Morgunblaðið

BLAÐ C

